



Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar því að til standi að endurskoða húsaleigubótalöggjöfina. Þetta frumvarp er algjörlega í takt við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál. Þriðji töluliður í þeirri yfirlýsingu tekur fyrir stuðning við almennan leigumarkað þar sem einn undirliður fjallar einmitt um hækkun á húsnæðisbótum. Stúdentaráð telur þá þætti í þessu frumvarpi er við koma stúdentum vera skref í rétta átt til þess að bæta kjör nemenda sem eru á leigumarkaði.

III. Kafli

Húsnæðisbætur

- 11. gr. tekur fyrir skilyrði þess að eiga rétt á húsnæðisbótum.
 - Í samanburði við fyrri lög þá fellur út liður sem takmarkar rétt leiganda á húsaleigubótum vegna skyldleika leigusala og leiganda. Þessar breytingar munu hjálpa nemendum að taka sín fyrstu skref á leigumarkaðinn í samstarfi við skyldfólk sitt.
 - Einnig hvetur þetta skyldmenni til þess að hafa allt upp á borðinu og ætti fækka útleigum sem ekki eru þinglýstar.
- 12. gr. a. liður veitir nemendum undanþágu fyrir því á að flytja lögheimili sitt á þann stað sem nám er stundað ef um tímabundið aðsetur er að ræða svo lengi sem lögð sé fram staðfesting á skólavist
 - Þessi liður kemur nemendum mjög vel enda einkum ætlaður fyrir þá. Þetta kemur þó einkum vel við nemendum Háskóla Íslands sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins en þeir fá forgang á biðlista hjá Félagsstofnun Stúdenta.
 - Fjölmörg dæmi eru um nemendur sem leigja á almennum markaði á meðan þau bíða eftir íbúð hjá Félagsstofnun Stúdenta en til þess að halda sínu sæti á biðlistanum þurfa þau að vera með lögheimilið enn úti á landi.
- 13. gr. c. liður veitir sambýli námsmanna á heimavistum og námsgörðum undanþágu þess að geta þegið húsnæðisbætur án þess að vera orðin lögráða og geta þegið húsnæðisbætur vegna leigu á hluta íbúðarhúsnæðis, svo sem leigu á einstökum herbergjum.
 - Þetta hentar nemendum mjög vel og sérstaklega þegar stytta á framhaldsskólann í þrjú ár þá eykur það líkurnar á því að nemendur undir lögaldri hefji nám við skólann.
 - Seinni hlutinn á einkar vel við eitt af þeim íbúðarformum sem Félagsstofnun Stúdenta býður upp á sem kallast tvíbýli, þar sem tveir einstaklingar leigja sitt hvort herbergið en deila sameiginlegri eldunar- og salernisaðstöðu.
- 14. gr. b. Liður veitir leigu námsmanna á herbergi eða íbúð á heimavist eða námsgörðum rétt á húsnæðisbótum þrátt fyrir að ekki liggi fyrir þinglýstur leigusamningur á eigninni.
 - Þessi liður getur sparað Félagsstofnun Stúdenta tugi milljóna aðeins á þessu ári og teljum við því brýna nauðsyn á því að þessi liður haldist í frumvarpinu.



IV. Kafli

Fjárhæðir húsnæðisbóta

- Í 15. gr. hækka grunnbæturnar úr 17.500 í 31.000.
 - Stúdentaráð telur það vera mikið fagnaðarefni og klárlega skref í þá átt að auðvelda stúdentum að flytja að heiman í fyrsta skipti.
- Í 16. gr. hækkar frítekjumarkið úr 2,55 milljónum í 2,7 milljónir sem er einhver hækkun.
 - Þó miðað við hækkanir í kjarasamningum sem nýlega voru samþykktar þá dugur þessi hækkun ekki til þess að ná yfir 7,2% grunnhækkun á launum sem nú þegar hefur átt sér stað. Það verður þó að teljast skiljanlegt þar sem þetta frumvarp var samið og lagt fram áður en skrifað var undir nýja kjarasamninga.
 - Stúdentaráð býst fastlega við því að hækkanir á kjarasamningum muni koma inn í útreikninga á nýju frítekjumarki þegar frumvarpið verður lagt fram aftur í haust.
- 17. gr. fjallar um skerðingu húsnæðisbóta vegna eigna en áætlað er að frítekjumarkið hækki úr 3 milljónum í 6,5 milljónir.
 - Það verður að teljast búbót, einkum fyrir eldri nemendur sem eru jafnvel að koma aftur í nám eftir að hafa verið á vinnumarkaðinum og eiga jafnvel fjölskyldu, hús eða aðrar eignir sem safnast hafa saman í gengum árin.
- Í 18. gr. stendur til að hækka hversu stórt hlutfall af húsnæðiskostnaði húsnæðisbætur mega ná yfir, úr 50% í 75%.
 - Þessi breyting kemur sér einkar vel fyrir stúdenta þar sem þeir hafa oftast en ekki engar tekjur á meðan skólagöngu og því munar um hverja krónutölu.

Framangreindir þættir snerta stúdenta með beinum þætti og koma flestir ef ekki allir þeim vel. Að lokum fagnar Stúdentaráð þeirri ákvörðun að upplýsingar um húsnæðisbæturnar, frítekjumarkið, eignamarkið og hámarks hlutfall bótaupphæðar séu í frumvarpinu sjálfu. Ákvarðanir sem þessar ættu ekki að vera á höndum einnar manneskju, að því gefnu að kveðið sé á um þær í reglugerðum, heldur í höndum Alþingis. Stúdentaráði ber því að minnast á mikilvægi þess að endurskoða verði reglulega upphæðirnar með tilliti til verðlags, kjarasamninga, vísitölu og fleirri þátta. Upphæðir sem þessar eiga að endurspeglar nútímann hverju sinni og því ber að endurskoða þær mjög reglulega.

Stúdentaráð þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að senda inn umsögn í þessu máli og vonar eftir enn frekari samstarfi með ráðherra í húsnæðismálum um komandi ár.